




Endurskoðunarnefndir  
Áhættustýring og  
áhættueftirlit

Morgunverðarfundur 26. maí 2010  
Árni Jón Árnason, Fjármálaráðgjöf Deloitte



# Einingar tengdar almannahagsmunum og áhættustýring

Kröfur um áhættustýringu eininga tendra almannahagsmunum er víða að finna í lögum

Í lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði, lífeyrissjóði og váttryggingarfélög koma fram m.a. orðin:

- Áhættustýring, áhættudreifing, mat á áhættu, taka tillit til áhættu og takmarka áhættu

Tilmæli og umræðuskjöl um áhættustýringu hafa verið sett af eftirlitsaðilum og hagsmunaaðilum m.a.

- Fjármálaeftirlitið, Committee of European Banking Supervisors (CEBS), Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors (CEIOPS), The Basel Committee on Banking Supervision, Committee of Sponsoring Organisation of the Treadway Commission (COSO)

CEBS hefur t.d. sett fram leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að stjórnun fjármálafyrirtækja sem fjalla um

- Skipulag fyrirtækja og stjórnskipulag þeirra
- Stjórn og stjórnendur
- Innra eftirlit
- Opinber birting upplýsinga og gagnsæi

Eftir að fjármálakreppan skall á hefur enn meiri áhersla verið sett á einstaka þætti í stjórnun fjármálafyrirtækja

- Lausafjástýring
- Birting upplýsinga við áföll á fjármálamarkaði
- Áhættustýring fjármálafyrirtækja

# Um áhættustýringu eininga tengdum almannahagsmunum

Í innra eftirliti fjármálafyrirtækja þarf að vera tryggt að

- Áhættueftirlit sé til staðar (risk control)
- Regluvarsla (compliance)
- Innri endurskoðun (internal audit function)

Í febrúar 2010 birti CEBS ný viðmið um áhættustýringu fjármálafyrirtækja

Stjórnun og áhættuviðhorf

- Öll áhætta skal vera hluti af áhættueftirliti áhættustýringar og stjórnendur eiga að tryggja áhættuvitund starfsmanna
- Stjórn skal bera ábyrgð á stjórnendum og tryggja að markmið og áætlanir séu traustar
- Allir starfsmenn skulu gera sér grein fyrir ábyrgð sinni á að greina og skýra frá áhættum
- Áhættuviðhorf og traust áhættustýring eiga að byggja á virkum ferlum sem taka mið af starfsemi fyrirtækisins

Áhættupól og takmörk

- Lög og reglur takmarka áhættutöku og nægar eignir þarf til að tryggja innstæður
- Arðsemi og frávík frá arðsemi eigin fjár skulu vera í samræmi við skilgreint áhættupól og –mörk
- Allar áhættur sem fyrirtæki stendur frammi fyrir skulu vera skilgreindar og teknar með í reikninginn
- Hlutverk og verkaskipting stjórnar og stjórnenda skal vera vel skilgreind og skýr
- Stjórnendur eru ábyrgir fyrir áhættustýringu frá degi til dags

# Um áhættustýringu og áhættueftirlit

## Hlutverk áhættustýringar

- Einn aðili skal vera ábyrgur fyrir áhættustýringu fyrir allt fyrirtækið
- Áhættustýring skal vera sjálfstæð og geta haft áhrif á (mögulega veto) ákvarðanatöku innan fyrirtækisins
- Áhættustýringu skal tryggð reynsla og þekking sem hæfir áhættum þeim sem fyrirtækið býr við
- Áhættustýring á að vera þátttakandi í útfærslu stefnu og markmiða stjórnar (gerð áætlunar)
- Áhættustýring skal hafa sjálfstæði frá rekstri fyrirtækis
- Áhættustýring á ekki að vera takmörkuð við áhættustýringuna (sviðið)
- Stjórn og stjórnendur eiga að tryggja auðlindir fyrir áhættustýringu

## Áhættulíkön og samþætting áhættustýringar

- Fyrirtæki eiga að greina og stýra öllum áhættum sem eiga við reksturinn
- Fyrirtæki eiga að forðast að nota eina ákveðna aðferð við stýringu áhættu
- Ef arðsemi er óeðlilega há miðað við áhættu er líklega um galla í líkani að ræða
- Forðast skal að nota eingöngu tölulega greiningu heldur taka tillit til huglægra þátta
- Skýrslugjöf skal vera regluleg og byggð inn í ferla
- Ferlar og upplýsingakerfi séu aðgengileg fyrir áhættustýringu

## Ný vöruþróun og sala


- Fyrirtæki eiga að eiga ferla til staðar til að samþykkja nýjar vörur og meta áhættu vegna þeirra

# Samspil stjórnar og áhættustýringar

Ábyrgð áhættustýringar fyrirtækja er hjá stjórn fyrirtækis

- Stjórn fyrirtækis setur stefnu og markmið
- Hlutverk stjórnenda að framkvæma stefnu og markmið

Stjórnendur og endurskoðunarnefnd upplýsa stjórn um árangur áhættustýringar og skylda þætti



# Verkefnaskipting á milli yfirstjórnar

## Stjórn setur stefnu og markmið

- Fer yfir áhættuna á að markmið standist ekki
- Fer yfir kostnað þeirrar áhættu sem fyrirtækið er tilbúið að taka
- Metur eftirlitskerfi fyrirtækisins í samhengi við áhættur
- Fer yfir skýrslur endurskoðunarnefndar og stjórnenda um áhættur

## Stjórnendur framkvæma stefnu og markmið

- Starfar í umboði stjórnar og framkvæmir stefnu og markmið
- Hefur reglubundið eftirlit með áhættum og gefa skýrslu til stjórnar

## Endurskoðunarnefnd

- Metur eftirlitskerfi og hvort það mæli áhættur með réttum og virkum hætti
- Fer yfir og metur áhættu með tilliti til fjárhagsupplýsinga
  - Á grundvelli upplýsinga frá endurskoðendum og áhættustýringu
- Gefur skýrslu til stjórnar um störf nefndarinnar

Mynd 4. Verkefnaskipting á milli yfirstjórnar



## Hvaða áhættur á að fylgjast með og mæla

Hjá fjármálafyrirtækjum hafa opinberir aðilar skilgreint eftirfarandi áhættur sem lykilþætti:

- Útlánaáhætta
- Markaðsáhætta
- Rekstraráhætta

Þessar áhættur eru mældar samkvæmt skilgreiningu í lögum og reglum

Fjármálafyrirtæki framkvæma svokallað ICAAP (Internal Capital Adequacy Appraisal Process)

- Hvort mælingar samkvæmt Pillar I gefi raunsanna mynd af áhættu fyrrgreinda þátta
- Hvaða aðrar áhættur skipta fjármálafyrirtækið máli (s.s. fastvaxtaáhætta og áhætta vegna nýrra óþekktra verkefna)
- Skilgreina áhættumatspróf og sviðsmyndapróf sem gefa til kynna næmni og þol fjármálafyrirtækis til að standast áföll eða högg

Má telja að ofangreindir þættir séu að lágmarki þeir sem stjórn fyrirtækis ætti að fylgjast með

- til viðbótar þurfa að sjálfsögðu að koma þættir sem snúa beint að viðkomandi fyrirtæki, s.s. verð hráefni, væntingar um verðbreytingar á verðbréfum eða hverju öðru því sem rekstur fyrirtækisins snýst um

# Áhættustýring eininga tengdum almannahagsmunum

Fyrirtæki sem tengd eru almannahagsmunum eru flest undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

- Fjármálafyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, lífeyrissjóðir, tryggingafélög og útgefendur skráðra verðbréfa

Mikilvægt er því að hafa í huga að í mörgum tilfellum eru reglur til staðar um útfærslu áhættustýringar og áhættueftirlits sem settar eru í lög og reglur

- Þessar reglur eru alltaf lægsta viðmið þ.e.a.s. þær kveða á um lágmarkseftirlit en stjórn fyrirtækis þarf að skilgreina sjálft og setja stefnu og markmið um hvaða áhættur skipti fyrirtækið mestu máli og hvernig á að mæla þær og hafa eftirlit með þeim
- Reglurnar eru samkvæmt skilgreiningu lægsta viðmið þar sem þær taka tillit til mjög margra fjölbreyttra fyrirtækja með ólíka starfsemi og endurspegla reglurnar því meðalhóf

Hugtök eins og áhættudreifing, mikilvægi áhættu, taka tillit til áhættu og takmarka áhættu þýða öll að áhættustýring og eftirlit eigi að eiga sér stað hjá viðkomandi fyrirtæki

- Það er síðan hlutverk endurskoðunarnefndar að tryggja fyrir hönd stjórnar að eftirlit með skilgreindum áhættuþáttum, jafnt lögbundnum sem og þeim sem settir eru af stjórn séu rétt mældir og rétt sé frá þeim sagt og að rekstur fyrirtækis taki mið af þeim skilgreiningum sem stjórn fyrirtækis setur stjórnendum þess

**Deloitte.**